



Tökum til í vorblíðunni

Það eru hreinsunardagar í Hafnarfirði í apríl og við á hafnarsvæðinu látum ekki okkar eftir liggja.

Notum vorblíðuna til að hreinsa til á okkar lóðum og næsta nágrenni. Plast er víða fast við girðingar og á lóðamörkum. Tínum þetta upp og komum vinnusvæðinu okkar í sparifötin.

Gangstéttir og götur á hafnarsvæðinu verða sópaðar í þessari viku.

Gámar fyrir bæði járn og timbur eru staðsettir innst á Lónsbrautinni neðan við golfvöllinn og það er hægt að losa stærri hluti. Gámarnir verða á staðnum frá 9. – 18. apríl.



Með góðri vorkveðju
Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri

